

# GJALDSKRÁ

## fyrir heilbrigðiseftirlit á Vestfjörðum.

### 1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, er sveitarstjórn-um heimilt, samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

### 2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

### 3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt gr. 36.1 heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

1. flokkur .....	kr. 1 000,00
2. flokkur .....	— 2 000,00
3. flokkur .....	— 3 000,00
4. flokkur .....	— 4 000,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gjald. Ef heilbrigðisfulltrúi metur breytingar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

### 4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölulíðum 2. gr. laga nr. 109/1984 er heimilt að innheimta eftirlitsgjöld, svo sem hér greinir:

1. flokkur .....	kr. 4 000,00
2. flokkur .....	— 8 000,00
3. flokkur .....	— 15 000,00
4. flokkur .....	— 25 000,00

### 5. gr.

Heilbrigðisfulltrúar semji fyrir hönd heilbrigðisnefnda lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á starfssvæðum sínum. Listinn skal afhentur skrifstofum þeirra sveitarfélaga, sem fara með fjármál heilbrigðiseftirlitsins. Þær sjái um samræmingu á álagningu og innheimtu gjaldanna í samráði við sveitarstjórnir á svæðinu.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari renna beint til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

### 6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda samkvæmt 4. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

### 7. gr.

Gjald skv. 4. gr. má innheimta með lögtaki.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, staðfestist hér með skv. 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 411/1985 með sama heiti.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Með skírskotun til sérstaks samkomulags og þar til annað verður ákveðið gildir gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandi nr. 236/1984 fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. janúar 1986.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Magnúsdóttir.*

**Fylgiskjal.****Flokkun fyrirtækja eftir umfangi eftirlits.**

I.	II.	III.	IV.
A 300	A 300	A 300	A 300
B 1 000	B 2 000	B 3 000	B 4 000
C 1 000	C 2 000	C 3 000	C 4 000
D 4 000	D 8 000	D 15 000	D 25 000
Bensinstöðvar. Leiktækjasalir. Gufubaðstofur. Ljósabaðstofur. Leikvellir. Lækningastofur. Rakarastofur, hárgreiddustofur og aðrar snyrtistofur. Sælgætis- og tóbakssölur. Málningarverslanir. Tannlæknastofur. Torgsala. Annar rekstur sambærilegur.	Fangageymslur. Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur. Gistiheimili án veitinga. Heilsuræktarstöðvar. Íþróttahús án sundstaðar. Íþróttavellir/sundstaðir. Brauðgerð/Brauðsala. Kvikmyndahús. Læknastöðvar. Leikskólar. Matsöluvagnar. Mötuneyti (minni). Neysluvörugymslur. Nýlenduvöruverlanir. Sælgætisgerðir (minni). Tækifærisveitingar. Annar rekstur sambærilegur.	Brauðgerðarhús. Brauðstofur. Pizzugerðir. Dagheimili. Félagsheimili með veitingarekstur. Fiskbúðir. Minni hótél. Sjúkrahús I. (hjúkrunarheimili o. s. frv.). Dvalarheimili o. þ. h. Ísbúðir/Ísgerðir. Íþróttahús með sundlaug. Sundlaugar/Sundhallir. Kjörbúðir/Nýlenduvöruverlanir. Leiktækjasalir m/veitingum. Skyndibitastaðir. Stærri samkomuhús og veitingastaðir. Sælgætisgerðir (stærri). Veislumiðstöðvar. Veitingastaðir. Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur matvæli). Annar rekstur sambærilegur.	Stórmarkaðir, stærri kjörbúðir. Stór hótél. Stórar matvælavinnslustöðvar. Stór brauðgerðarhús. Mjólkurstöðvar. Vinnuheimili. Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o. þ. h. Sjúkrahús II. (svæðis-sjúkrahús, deildaskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús). Annar rekstur sambærilegur.
A Vottorð. B Leyfisgjald, frumleyfi. C Leyfisgjald, endurnýjun. D Eftirlitsgjald.			